

**17. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
11. ágúst 2015 og hófst hann kl. 16:30**

**Fundinn sátu:**

Sigríður Indriðadóttir formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi og Svala Kristín Hreinsdóttir deildarstjóri skólaþróunar og sérfræðiþjónustu.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, deildarstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1505117 - Grundaskóli - bætt aðstaða fyrir nemendur**

Erindi nemendafélags Grundaskóla um bætta aðstöðu í unglingsadeild. Erindið var tekið fyrir í bæjarráð 28.5.2015 og 25.6.2015. Að fenginni umsögn stjórnenda Grundaskóla samþykkti bæjarráð erindið fyrir sitt leyti og óskar eftir að framkvæmdirnar verði teknar inn í framkvæmdaáætlun yfirstandandi árs að fenginni umsögn skóla- og frístundaráðs.

Á fundinn mættu Elís Þór Sigurðsson og Borghildur Birgisdóttir áheyrnafulltrúar kennara í grunnskólum, Sigurður Arnar Sigurðsson aðstoðarskólastjóri í Grundaskóla áheyrnafulltrúi skólastjórnenda í grunnskólum og Elísabet Einarsdóttir áheyrnafulltrúi foreldra í grunnskólum.

Skóla- og frístundaráð þakkar nemendaráði Grundaskóla fyrir erindið. Ráðið mælir með þessum framkvæmdum og þeim verði hraðað eins og kostur er. Elís Þór, Sigurður Arnar, Borghildur og Elísabet viku af fundi kl. 16:45.

**2. 1502210 - Fjárhagsáætlun 2016**

Tíma- og verkáætlun vegna vinnu við fjárhagsáætlun 2016 liggur fyrir. Forstöðumenn hafa verið að taka saman fyrstu drög að upplýsingum er snúa meðal annars að magntölum, nauðsynleg viðhaldsverkefni, endurnýjun á stofnbúnaði og upplýsingar um breytingar sem geta haft áhrif á starfsemina til lengri eða skemmri tíma.

Á fundinn mættu kl. 16:45 Brynhildur Björg Jónsdóttir áheyrnafulltrúi skólastjórnenda í leikskólum og Guðríður Sigurjónsdóttir áheyrnafulltrúi starfsmanna í leikskólum.

Upplýsingar um magntölur fyrir leikskóla lagðar fram til kynningar.

**3. 1508079 - Innritun í leikskóla - athugasemdir**

Fyrirspurn hefur borist frá foreldrum vegna innritunar í leikskóla. Innritun beinist að gr. 1.3. í Verklagsreglum um starfsemi leikskóla Akraneskaupstaðar um aldur við innritun.

Guðríður vék af fundi kl. 18:00. Skóla- og frístundaráð mun bjóða bréfriturum til fundar og kynna þeim stöðu mála varðandi innritun í leikskóla.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.

*Sigríður Indriðadóttir  
Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir · Svala Kristín Hreinsdóttir  
Kristinn H. Sveinsson  
Sigrún Inga Guðnadóttir*

*Rakel Óskarsdóttir  
Brynhildur Björg Jónsdóttir  
Guðríður Sigurjónsdóttir*